



# FRÆDSLUSKRIFSTOFA REYKJAVÍKURUMDÆMIS

Reykjavík, 30. nóvember 1994.

*Alþingi*

Fr. Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi,  
Þórshamri,  
v/Templarasund,  
101 Reykjavík.

*Erindi nr. D 118 / 283*

*komudagur 30/11 1994*

Í umsögn minni til menntamálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um framhaldsskóla 127. mál (heildarlög).

Í umsögn minni um frumvarp þetta vil ég einskorða mig við ákvæði er ég tel vanta í frumvarpið, en það eru ákvæði um sálfræðipjónustu við framhaldsskólanemendur.

Áður en núverandi framhaldsskólalög tóku gildi sat ég undirritaður í sérstakri ráðherraskipaðri nefnd sem fjallaði um ráðgjöf og sálfræðipjónustu við framhaldsskólanemendur. - Nefnd sú skilaði mjög góðum tillögum til menntamálaráðuneytisins um tilhögun slíkrar þjónustu sem tvímælalaust er þörf fyrir á þessu skólastigi.

Fastir starfsmenn ráðuneytisins, sem ekki sátu í nefndinni, tóku sig hins vegar til og snarbreyttu tillögum áður en þær höfnuðu í höndum ráðherra og voru þær þá ekki endurþekkjjanlegar af upphaflegri mynd sinni.

Eigi að síður eru í lögnum ákvæði þess efnis að semja megi við fræðsluskrifstofur um sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanemendur, en í frumvarpi þessu eru engin slík ákvæði.

Í nefndinni hafði verið rætt á byrjunarstigi um að nemendur á framhaldsskólastigi ættu ef til vill að velja sjálfir hvert þeir leituðu slíkrar þjónustu.

Þau rök urðu hins vegar ofan á að margir skólanemendur væru þannig settir fjárhagslega, að þeir gætu ekki nýtt sér sálfræðipjónustu á frjálsum markaði, enda þótt þeir þyrftu hennar við.

Ef ástæða er til að tryggja framhaldsskólanemendum heilbrigðisþjónustu sbr. 13. grein þessa frumvarps, enda þótt slík þjónusta sé bæði aðgengilegri og ódýrari en sálfræðipjónusta á frjálsum markaði, þá er enn frekar ástæða til að tryggja aðgengi að sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanemendur. Slíka þjónustu mætti veita með því að ráða sálfræðinga að stærstu framhaldsskólunum eða semja við sálfræðipjónustu grunnskólastigsins eða útvíkka þá þjónustu þannig að hún spannaði einnig framhaldsskóla í sveitarfélaginu.

Ég læt þessar ábendingar nægja að sinni, en tjái mig fúsan til viðræðna við menntamálanefnd Alþingis sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Víðir Hafberg Kristinsson,  
forstöðusálfræðingur.

Póstfang og aðsetur:

Hallveigarstaðir  
Túngata 14  
101 Reykjavík

Sími:

(91) 621550

Fax:

(91) 620261

Kennitala:

500784-0169